

55. fundur hreppsnefndar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 14. febrúar og hófst hann kl. 09:00.**Fundinn sátu:**

Brynja Jóna Jónasdóttir, Karl Ölvisson, Nanna Jónsdóttir, Elín Grétarsdóttir og Tyrvingur Sveinsson varamaður. Egill Sigurðsson boðaði forföll.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

Dagskrá

1. Möguleikar í staðbundinni vinnslu metans og nýting orkunnar í héraði, kynning Landbúnaðarháskóli Íslands
2. Fundargerðir
3. Erindi til hreppsnefndar
4. Reiðvegir Sumarliðabær 1
5. Uppgjör launagreiðenda til A deildar Brúar lífeyrissjóðs vegna breytinga á lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997
6. Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga
7. Næsti fundur hreppsnefndar

Varaoddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og leitaði afbrigða að bæta við undirliðnum n) 3. fundur Öldungaráðs Rangárvallasýslu, haldinn 12. febrúar sl. við lið 2. fundargerðir Samþykkt.

KÖ var í símsambandi á fundinum.

Gengið til dagskrár:

1. **Möguleikar í staðbundinni vinnslu metans og nýting orkunnar í héraði, kynning Landbúnaðarháskóli Íslands**

Fulltrúar Landbúnaðarháskólans afboðuðu komu sína vegna slæmrar veðurspár, því fellur kynningin niður.

2. Fundargerðir

- a) **148. fundur skipulagsnefndar haldinn 11. janúar 2018, liður 17 og 18 þarfnast umfjöllunar**

Liður 17. Ás 1 spilda 2 (Faxaborg) Inr 220760: Ný íbúðar- og hesthúsalóð: Deiliskipulagsbreyting - 1711034

Á fundi sveitarstjórnar Ásahrepps þann 13. desember 2017 var tekin fyrir beiðni frá Eydísi Þ.

Indriðadóttur um að landið Ás 1 spilda 2 (Inr. 220760) fái nafnið Faxaborg. Var samþykkt að vísa málinu til umsagnar skipulagsnefndar.

Þar sem aðgengi að fyrirhuguðum mannvirkjum skv. gildandi deiliskipulagi er um veg sem kallast Laufásvegur telur nefndin æskilegt að lóðin fái sama heiti og að það sama eigi við um aðrar lóðir sem liggja við þennan sama veg. Ef aðkoma á að vera annarsstaðar þarf að gera ráð fyrir henni í deiliskipulagi svæðisins.

Hreppsnefnd staðfestir bókun skipulagsnefndar.

- b) **48. fundur stjórnar stjórnar Umhverfis- og tækisviðs uppsveita bs., haldinn 11. janúar sl.**

Lagt fram til kynningar.

- c) **51. fundur félagsmálanefndar Félags- og skólabjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs. haldinn 9. janúar sl.**

Lagt fram til kynningar.

- d) **5. fundur stjórnar Tónlistarskóla Rangæinga bs. haldinn 23. janúar sl. liður 1 þarfnast umfjöllunar**

Liður 1. 1801005 - Uppgjör lífeyrismála - Brú

Uppgjör vegna breytinga á málefnum A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga (Brú) Formaður lagði fram uppgjör vegna breytinga á málefnum A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga (Brú) Þar kemur fram að framlag í Jafnvæggissjóð er kr.430.112 lífeyrisauki er kr. 11.449.853 Varúðarsjóður er kr. 1.231.809 Framlagið er því í heildina kr. 13.111.774. Stjórnin leggur til að framlagið í heild sinni verði greitt í einu lagi. Óskað er eftir í viðauka 1 að skuldbindingar við Brú verði gerðar upp með því að ganga á eigið fé að upphæð kr. 8.000.000 m. og afgangurinn skiptist skv. gildandi skiptireglu á aðildarsveitarfélög.

Hreppsnefnd samþykkir tillögu stjórnar fyrir sitt leyti með fyrirvara um að uppgjör miðist við nokkra ára tímabil eins og t.d. í félags- og skólaþjónustu sveitarfélaganna en þar var reiknað frá árinu 2002.

e) 49. fundur stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs., haldinn 25. janúar sl. liður 2 þarfnast umfjöllunar.

Liður 2. 1801029 - Uppgjör vegna Brúar, lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga

Lögð fram að nýju tvö samkomulög vegna uppgjörs Brúar lífeyrissjóðar starfsmanna sveitarfélaga og Byggingarfulltrúa uppsveita Árnassýslu kt. 640392-2909 og Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita kt. 580209-0170. Annarsveggar er um að ræða 70.919 kr. og hinsveggar 13.230.780 kr. Þá er lagt fram skjal sem sýnir skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga byggt á heildarkostnaðarhlutdeild sveitarfélaganna árin 2008-2016.

Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að senda aðildarsveitarfélögum reikning í samræmi við eftirfarandi: Bláskógabyggð: 29,8% = 3.960.885 Grímsnes- og Grafningshreppur: 34,4% = 4.575.036 Hrunamannahreppur: 10,7% = 1.419.321 Skeiða- og Gnúpverjahreppur: 11,5% = 1.532.268 Flóahreppur: 10,7% = 1.426.466 Ásahreppur: 2,9% = 387.724 Er þetta með fyrirvara um að fyrir liggja sundurliðun yfir gjöld allra starfsmanna byggðasamlagsins undanfarin ár.

Hreppsnefnd samþykkir tillögu stjórnar fyrir sitt leyti.

f) 149. fundur skipulagsnefndar haldinn 25. janúar 2018

Lagt fram til kynningar

g) 29. fundur stjórnar félags- og skólaþjónustunnar, haldinn 5. febrúar sl. liður 1 þarfnast umfjöllunar

Liður 1. Uppgjör vegna Brúar-lífeyrissjóðs

Lagt fram bréf Brúar lífeyrissjóðs um samkomulag um uppgjör lífeyrisskuldbindingar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla og V-Skaftafellssýslu bs.

Krafan er eftirfarandi:

5.167.916 kr. í jafnvæggissjóð

18.647.215 kr. í lífeyrisaukasjóð

2.006.123 kr. í varúðarsjóð.

Farið hefur verið yfir lista launamanna og þeir stemma við upplýsingar Brúar. Auk þess hefur stjórn óskað eftir skiptingu á milli deilda til upplýsinga, en þær liggja ekki enn fyrir en munu væntanlega berast í vikunni.

Formaður leitaði ráðgjafar hjá sérfræðingi KPMG endurskoðunar og afgreiðir málið því á eftirfarandi hátt

Stjórnin samþykkir fyrir sitt leiti að vísa uppgjörinu til aðildarsveitarfélaganna samhliða sínu uppgjóri við Brú lífeyrissjóð. Uppgjör lífeyrisaukasjóðsins og varúðarsjóðsins verði gert upp miðað við íbúahlutfall aðildarsveitarfélaganna desember 2016 en tekið verði tillit til meðaltalshlutfalls hvers sveitarfélags frá upphafi byggðasamlagsins við uppgjör jafnvæggissjóðsins. Hjalagt er íbúahlutfall aðildarsveitarfélaganna frá upphafi, unnu af G.Pétri Guðgeirssyni hjá KPMG, Selfossi.

Samþykkt samhljóða, LE, SHG, BJ, ABB.

Hreppsnefnd samþykkir tillögu stjórnar fyrir sitt leyti.

h) 194. fundur stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. haldinn 8. febrúar sl.

Afgreiðslu fresta til næsta fundar.

i) 150. fundur skipulagsnefndar haldinn 8. febrúar sl. liður 1 þarfnast umfjöllunar

Liður 1. Áshóll 165262: Svartibakki: Stofnun lóðar - 1802002

Lögð fram umsókn Almveigar Láru B. Kristjánsdóttur og Grétars Geirssonar dags. 23. janúar 2018 um stofnun lóðar 10.006,9 fm lóðar úr landi Áshóls Inr. 165262 utan um fjárhús með fastanr. 219-7777. Er óskað eftir að lóðin fái heitið Svartibakki. Lóðin er vestan við Svartabakkagil með aðkomu frá Sumarliðabæjarvegi rétt austan Sléttalands.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar með fyrirvara um umsögn Vegagerðarinnar um nýja vegtenginu við Sumarliðabæjarveg. Ekki er gerð athugasemd við heiti lóðarinnar og ekki gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

EG vék af fundi undir afgreiðslu liðsins.

Samþykkt með 4 atkvæðum (BJJ, TS, KÖ og NJ) að gera ekki athugasemd við bókun stjórnar.

j) 52. fundur Vatnsveitu Rangárpings ytra og Ásahrepps bs. haldinn 9. febrúar sl. liður 1 þarfnast umfjöllunar

Liður 1. 1702029 - Framkvæmdaáætlun 2017-2026

Fyrir liggur framkvæmdaáætlun Vatnsveitunnar til næstu þriggja ára en þar eru stærstu verkliðir bygging miðlunartanks í Hjallanesi og lagnir frá honum að Bjálmholti. Einnig liggja fyrir drög að framkvæmdaáætlun til næstu 10 ára. Stjórn veitunnar leggur til við eigendur að fyrsta skrefið verði að leita verðtilboða í gerð útboðsgagna og yfirferð á forsendum þriggja ára framkvæmdaáætlunarinnar, 2018-2020, hjá a.m.k. 3 verkfræðistofum. Veitustjóra verði falið að hrinda þessu í framkvæmd og leggja niðurstöður fram á næsta fundi.

Hreppsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að leita verðtilboða í gerð útboðsgagna og yfirferð á forsendum.

k) 18. fundur stjórnar húsakynna bs. haldinn 6. febrúar sl. liður 1, 2 og 3 þarfnast umfjöllunar

Liður 1. 1. 1801031 - Framkvæmdaáætlun 2018

Langtímaáætlun viðhalds á Laugalandi - drög og Framkvæmdaáætlun 2018

Heimir Hafsteinsson fór ítarlega yfir framkvæmdaáætlun ársins 2018 en samkvæmt fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir 31.5 m til framkvæmda. Einnig voru kynnt drög að langtíma viðhaldsáætlun.

Á 53. fundi hreppsnefndar þann 10. janúar sl. var afgreiðslu fjárhagsáætlunar Húsakynna bs. fyrir árið 2018 frestað og sveitarstjóra m.a. falið að kalla eftir sundurliðaðri kostnaðar- og framkvæmdaráætlun.

Hreppsnefnda samþykkir fyrirbyggjandi framkvæmdaráætlun fyrir árið 2018 og samþykkir útgjaldaaukningu upp á 1.188.000 kr. við gildandi fjárhagsáætlun hreppsins fyrir árið 2018. Útgjöldunum verðu mætt með lækkun á handbæru fé og samþykkt sem hluti af viðauka 1.

2. 1601012 - Eignir í umsjá Húsakynna bs.:

Þóristungur, samningur við Fish partner og aðrar eignir á Holtamannafrétti

2.1 Þóristungur, samningur við Fish partner

Tillaga um að vinna að langtímaleigusamningi á Þóristungum

Lagt er til að formanni verði falið að vinna að samningi við Fish Partner ehf. um langtímaleigu á Þóristungum sem hafi það markmið að leigutaki endurbæti húsið í samræmi við úttekt frá árinu 2016 og skili því svo að leigutíma loknum til leigutaka uppgerðu eftir ákvæðum samningsins. Samningurinn verði lagður fyrir stjórn til umfjöllunar og staðfestingar fyrir miðjan mars n.k og mun ekki öðlast gildi fyrr en stjórn Húsakynna bs. hefur samþykkt hann og sveitarstjórnir Rangárpings ytra og Ásahrepps staðfest hann.

Greinargerð:

Þessi tillaga er lögð fram í samræmi við umræður á samráðfundi sveitarstjórna nú nýverið þar sem þessi leið var lögð til. Tillagan gengur út á að fela formanni umboð til að ganga til samninga, með öllum eðlilegum fyrirvörum og mun samningur verða að koma aftur fyrir stjórn, að því gefnu að samningar takist á milli aðila. Skal samningurinn miða að því að sett verði upp endurbótaáætlun sem leigutakar þurfi að uppfylla á ákveðnu árabili og skila svo húsinu til leigusala í uppgerðu ástandi. Að öðru leyti þarfnast tillagan ekki útskýringa.

Tillagan borin upp og samþykkt með 1 atkvæði (KÖ sat hjá)

Samþykkt með 4 atkvæðum (BJJ, TS, EG og NJ).

KÖ sat hjá.

2.2 Aðrar eignir á Holtamannafrétti

Formaður lagði fram tillögu um að auglýst yrði eftir áhugasömum um að taka gömlu fjallaselin í Hvangiljum (Hvangiljahöll) og í Þúfuveri (Gásagustur) á Holtamannafrétti í fóstur líkt og t.a.m. hefur heppnast vel í Illugaveri.

Tillagan borin upp og samþykkt með 1 atkvæði (KÖ sat hjá)

Hreppsnefnd samþykkir tillögu stjórnar fyrir sitt leyti.

3. 1801003 - Endurskoðun á rekstri Húsakynna bs.

Lögð fram minnisblöð frá KPMG varðandi endurskoðun á rekstri Húsakynna bs. Stjórn Húsakynna leggur til að eignum og skuldum byggðasamlagsins verði skipt upp milli sveitarfélaganna en Húsakynni bs haldi áfram utan um rekstur fasteigna í sameiginlegri eigu sveitarfélaganna. Stjórn Húsakynna leggur einnig til að fasteignasali verði fenginn til að verðmeta íbúðirnar í Giljatanga. Samkvæmt minnisblöðum KPMG voru tvær leiðir til skoðunar. Annars vegar að Rangárþing ytra taki yfir tvær íbúðir en tvær íbúðir verði í sameign sveitarfélaganna og hins vegar að Rangárþing ytra taki yfir þrjár íbúðir og Ásahreppur eina íbúð. Samkvæmt úttekt KPMG verður ekki séð að munur sé á framangreindum valkostum varðandi það að ráðstafanir verði íþyngjandi fyrir sveitarfélögin eða mismuni þeim á nokkurn hátt. Stjórn Húsakynna bs leggur til að sveitarstjórnir taki þessa tvo valkosti til skoðunar og eftir atvikum ákvarði um framhald málsins.

Hreppsnefnd samþykkir að fasteignasali verðmeti íbúðirnar og í framhaldi verði tekin ákvörðun um hvaða leið verði farin.

l) 20. fundur stjórnar Odda bs. haldinn 22. janúar sl. liður

4. 1709025 - Rekstraráætlun 2018 - Oddi bs.

Lagt fram minnisblað varðandi samning við HSU og kostnað vegna skóladagheimils.

Lagt er til við sveitarstjórnir Rangárþings ytra og Ásahrepps að fundað verði með forstjóra HSU þar sem farið yrði yfir reynslu af þjónustusamningi við HSU og heilsugæslumál almennt.

Kostnaður sem féll á byggðarsamlagið vegna umrædds samnings á árunum 2016-2017 var 3.830.996 kr. Í minnispunktum framkvæmdarstjóra Odda bs. (sveitarstjóra Rangárþings ytra) kemur meðal annars fram að samningurinn hafi fylgt með fræðslumálunum þegar Oddi bs. tók þau yfir rétt eins og aðrir samningar.

Af þessu tilefni vill hreppsnefnd benda á að sveitarstjóri Rangárþings ytra undirritaði samninginn 14. desember 2015 og samningurinn tók gildi sama dag og Oddi bs. tók til starfa, þ.e.a.s. 1. janúar 2016. Þá var samningurinn gerður án nokkurs samráðs við Ásahrepp auk þess sem hann fellur ekki undir verk svið byggðasamlagsins.

Að lokum vill hreppsnefnd benda á að skóladagheimili er ekki hluti af samþykktum samlagsins og ætti rekstur skóladagheimilisins því ekki að falla undir byggðasamlagið.

m) 21. fundur stjórnar Odda bs. haldinn 9. febrúar sl. liður 1 þarfnast umfjöllunar

Liður 1. 1801005 - Uppgjör lífeyrismála – Brú

Útfærsla á innbyrðis skiptingu milli sveitarfélaganna

Fyrir liggur skipting á framlögum til lífeyrissjóðsins Brúar fyrir Odda bs. og eldri stofnanir. Tillaga er um að Oddi bs taki lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga fyrir sínum hluta af upphæðinni en hlutur eldri stofnana þ.e. Laugalandsskóla og Leikskólans á Laugalandi greiðist beint af sveitarfélögunum.

Innbyrðis skipting milli sveitarfélaga gagnvart uppgjöri eldri stofnana skal miðast við meðaltal skiptihlutfalls árána 2002-2015. Innbyrðis skipting milli eigenda Odda bs. tekur mið af skiptihlutfalli eins og það er á hverjum tíma en skv. stofnsamningi er miðað við fjölda nemenda og barnígilda þann 1. október ár hvert.

Samþykkt samhljóða.

Hreppsnefnd samþykkir tillögu stjórnar fyrir sitt leyti.

n) 3. fundur Öldungaráðs Rangárvallasýslu, haldinn 12. febrúar sl.

Fundargerð lögð fram ásamt fyrirspurnum fulltrúa Ásahrepps í öldungaráði. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram og svara fyrirspurnum fulltrúa Ásahrepps.

3. Erindi til hreppsnefndar

a) Erindi frá formanni Ungmennafélags Ásahrepps um að það verði veittur styrkur á móti fasteignagjöldum fyrir árið 2018

Hreppsnefnd samþykkir að veita styrk á móti fasteignagjöldum að upphæð 77.127 kr., bókast á deild 06-89 – Íþróttafélög.

b) Umsókn um nýtt rekstrarleyfi Miðhóll fnr. 231-8394 gisting flokkur III minna gistiheimili frá Nönnu Jónsdóttir til umsagnaraðila

NJ vék af fundi undir afgreiðslu liðsins.

Samþykkt með 4 atkvæðum (BJJ, TS, KÖ og EG) að gera ekki athugasemd við að rekstrarleyfi verði veitt með fyrirvara um samþykki byggingarfulltrúa. Hreppsnefnd óskar eftir afriti af leyfinu þegar það liggur fyrir.

c) Fyrirspurn frá Jakobi S. Þórarinssyni í Áskoti um lokun á almennri umferð um leið milli Ásmundarstaða og Áshverfis. Í fyrirspurninni er óskað eftir upplýsingum um aðkomu sveitarfélagsins og Eyðisar Indriðadóttur, fyrrverandi oddvita Ásahrepps og bónda í Ási, að lokuninni.

Sveitarstjóra falið að afla gagna um málið og leggja fyrir næsta fund hreppsnefndar.

d) Beiðni frá Skógræktarfélagi Rangæinga um styrk vegna Árspings Skógræktarfélags Íslands sem haldinn verður á Hellu nk. haust.

Samþykkt að styrkja kr. 25.000, bókast á lið 02-80 ýmsir styrkir.

e) Lagt fram yfirlit frá SASS þar sem hafa verið teknar saman upplýsingar um lífeyrisskuldbindingar vegna A deildar Brúar lífeyrissjóðs. Yfirlitið nær til eftirtalinnar stofnana; SASS, Atvinnuþróunarfélags Suðurlands, Menningarráðs Suðurlands, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Skólaskrifstofu Suðurlands. Skuldbindingum hefur verið skipt niður á sveitarfélögin til samræmis við aðild þeirra að stofnununum og íbúafjölda m.v. 1. janúar 2017 nema í tilfelli Skólaskrifstofunnar þá er m.v. fjölda barna á aldrinum 1 - 15 ára þann 1. desember 2012. Tillaga formanns og framkvæmdastjóra SASS er að hvert sveitarfélagi geri upp, á þessum grunni, við samtökin og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands þannig að hægt sé að gera upp við lífeyrissjóðinn fyrir viðkomandi stofnanir.

Hreppsnefnd samþykkir tillögu SASS fyrir sitt leyti.

4. Reiðvegir Sumarliðabær 1

Á 53. fundi hreppsnefndar 13. desember sl. var samþykkt að fá Umhverfis- og tæknisvið uppsveita bs. að vinna að endanlegri fjárhagsáætlun í gerð reið- og gönguleiða ásamt aðgengi að svæðinu og bílastæðum. Nú liggur umbeðin áætlun fyrir unnin af Eyþóri Sigurðssyni starfsmanni tæknisviðsins. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

5. Uppgjör launagreiðenda til A deildar Brúar lífeyrissjóðs vegna breytinga á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997

Í framhaldi af bókun hreppsnefndar við 5. dagskrárliðar á 53. fundi 10. janúar sl. hefur sveitarstjóri unnið málið áfram vegna fjármögnunar á uppgjöri við Brú. Eftir nánari skoðun þá liggur fyrir að Lánasjóður sveitarfélaga kemur til með að veita lán til sveitarfélaga vegna uppgjors við lífeyrissjóðinn Brú á hagstæðari kjörum en Brú lífeyrissjóður hefur boðið. Í ljósi þessara upplýsingar samþykkir hreppsnefnd að falla frá fyrri bókun sinni um fjármögnun skuldbindinganna með útgáfu skuldabréfa. Fyrir liggur heildaryfirlit með sundurliðun á skuldbindingum vegna samstarfsverkefna og Ásahrepps við Lífeyrissjóðinn Brú. Samtals nemur skuldbindingin 23.765.665 millj. kr.

Hreppsnefnd samþykkir að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga fyrir skuldbindingunni auk þeirra skuldbindinga sem mögulega eiga eftir að koma vegna endurútreikninga. Lántakan bókast sem viðauki 1.

Samþykkt samhljóða.

6. Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga

Sveitarstjórn Ásahrepps samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundi að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að kr. 25.000.000, með lokagjalddaga þann 5.apríl 2034, í samræmi við það lánstilboð / skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér.

Sveitarstjórn Ásahrepps samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Er lánið tekið til greiðslu skuldbindinga Ásahrepps vegna uppgjörs við Brú Lífeyrissjóð sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Nönnu Jónsdóttur, sveitarstjóra, kt. 040680-3069, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Ásahrepps að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Samþykkt samhljóða

7. Næsti fundur hreppsnefndar

Næsti fundur hreppsnefndar verður haldinn miðvikudaginn 14. mars nk. kl. 09:00 á skrifstofu Ásahrepps á Laugalandi.

Til kynningar:

- A. 529. fundur stjórnar SASS
- B. Þörf fyrir þriggja fasa rafmang - Starfshópur um raforkuflutning í dreifbýli
- C. 2017070759 - Tilkynning frá Þjóðskrá Íslands
- D. 263. stjórnarfundur SOS
- E. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 6/2018 - Umhverfisskýrsla stefnumarkandi landsáætlunar
- F. Viljayfirlýsing um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum og bókun stjórnar sambandsins
- G. Orðsending frá skrifstofu mennta- og menningarmálaráðherra
- H. Til umsagnar 9. mál frá nefndasviði Alþingis
- I. Fréttakronikan febrúar 2018, sambandið
- J. Fundargerð 854. fundar stjórnar sambandsins
- K. Upplýsingar í tengslum við breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna
- L. UNESCO-umsókn á vefinn, Vatnajökulspjóðgarður
- M. Fundargerð stjórnar SASS á vefinn
- N. 184. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands
- O. Frá nefndasviði Alþingis - 50. mál til umsagnar
- P. : Drög að lagafrumvarpi um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi
- Q. Dagur leikskólans 6. febrúar 2018
- R. Umsögn lögheimilislög
- S. Ársfundur Umhverfisstofnunar, náttúruverndarnefnda sveitarfélaga og forstöðumanna náttúrustofa
- T. Kvarðinn, fréttabréf Landmælinga Íslands
- U. Innleiðing persónuverndar í Mentor máli - Tilvísanir vantaði í skjalið
- V. Innleiðing grunnskóla í kjölfar álits Persónuverndar í Mentor máli
- W. Ábendingar um hvernig hægt sé að verjast spillingu í opinberum innkaupum
- X. Persónuálag vegna starfsþróunarnámskeiða
- Y. Tíðindi - rafrænt fréttabréf Sambands íslenskra sveitarfélaga
- Z. Íshlutfall við endurvigtun og staða álagningar á veiðigjaldi
- AA. Samstarfssamningur um sameiginlega seyrurekstur
- BB. Endurheimt og varðveisla votlendis á Íslandi – lykilhutverk sveitarfélaga

Fundargerð yfirlésin, samþykkt.
Fleira ekki gert.
Fundu slitið kl. 13:05

Elín Grétarsdóttir (sign)

Brynja Jóna Jónasdóttir (sign)

Karl Ölvisson (sign)

Tyrfingur Sveinsson (sign)

Nanna Jónsdóttir (sign)